

Farartæki - flugvél

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að kynna nemendum mismunandi ferðamáta og farartæki, efnisval og viðarnytjar. Æfa þau í tálgun, heflun og fleiri þáttum smíðinnar. Verkefnið þjálfar leikni í vali á aðferðum og eykur hæfni í útfærslu verkefna.

Námsgreinar: Sambætting, smíði, list- og verkgreinar auk samfélagsfræði, náttúrufræði, stærðfræði og lífsleikni.

Aldur: Yngsta stig og miðstig.



VERKLÝSING

Viðarkubbur er sóttur, ferskt efni í skóg eða efnisbanka, má vera þurrt. Byrjað er á að saga bút af grein sem ákvarðar lengd flugvélarinnar. Taka þarf af greininni fyrir nefi flugvélarinnar og hliðum hennar þar sem gluggar eiga að koma. Snyrta enda hennar, framhlið og bak. Þetta er hægt að gera með því að hefla, tálga með exi eða saga kubbanda til. Til að útbúa væng vélarinnar er fengin löng grenni grein og hún klofin í tvennt - helmingurinn er notaður.

Greinar sem standa út úr bútnum geta auðveldlega fengið að halda sér að hluta þar sem það á við en aðrar teknar með klippum eða sög alveg við bútin. Þegar nefið er gert á flugvélina er best á láta nemendur tálga með exi eða hefla það til. Þá er borað í gegnum vængina fyrir hreyflunum sem eru kubbar jafnþykkir vænggreininni og þeir festir á. Vængurinn boraður, skrúfaður og límdur fastur við flugvélskrokkinn.

Stélið er sagað til og límt fast við flugvélina. Þá eru gluggar teiknaðir á og brennimerktir, hreyflar sömuleiðis, og þá er hægt að merkja vélina flugfélagi, fyrirtæki eða eigandanum sjálfum.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Gott er að búa nemendur undir verkefnið með stuttri kynningu á farartækjum: Hvaða farartæki þekkjum við? Hvernig virka þau og hvað knýr þau áfram? Ferðamáti almennt, mengun, umhverfisþættir, sjálfbærni o.fl.

Sög, tálguhnífur, handhefill, sandpappír, brennipenni, hjól (eða saga niður greinar), naglar eða skrúfur, seglar eða krókar og lykkjur. Lakk, vax eða olía til yfirborðsmeðhöndlunar.

Nota má birki eða tegundir af víðiætt.

Efnið má vera 5-10 cm á þykkt og lengdin ákvarðast af stærð flugvélarinnar. Kljúfa langa grein fyrir vængina.